

Deiliskipulag Hvamma – umsagnir og viðbrögð

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti 17. október 2024 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Hvamma, íbúðarsvæðis í Búðardal sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga 123/2010.

Um er að ræða deiliskipulag á um 7 ha svæði sem skilgreint er í Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 sem íbúðarbyggð ÍB6.

Deiliskipulagið tekur til þegar byggðra lóða og afmarkar nýjar lóðir fyrir uppbyggingu einbýlis, par- og raðhúsa.

Gildandi deiliskipulag sem nær til hluta svæðisins og samþykkt var 2019 verður fellt úr gildi með þessu nýja deiliskipulagi Hvamma.

Deiliskipulagstillaga var kynnt sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga frá 25.10.2024 - 9.12.2024. Umsagnir og athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Vegagerðin – Vestursvæði. Umsögn dags. 5.11. 2024

„Stofnunin gerir athugasemd við eftirfarandi skv. tillögu er gert ráð fyrir gatnamótum Ásuhvamms og Brekkuhvamms, en fyrirhuguð tenging er stutt frá tengingu við Vestfjarðarveg (60-60). Fyrirhuguð tengin samræmist ekki veghönnunarreglum Vegagerðarinnar og þegar kemur að umferðaröryggi. Gott er að hafa fjölda tenginga í lágmarki og tengja frekar götur hverfis saman.

Vegagerðin bendir á að ekki verði tekið þátt í kostnaði við t.d. hljóðmanir og annað slíkt. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi Vegagerðarinnar.

Vegagerðin óskar eftir góðu samstarfi varðandi ofangreinda þætti og óskar einnig eftir fundi er varðar.

Viðbrögð:

Í gildandi deiliskipulagi Hvamma sem tók gildi 15.10.2019 er húsagatan Ásuhvammur (sem áður nefnd Efstihvammur) tengd inn á Brekkuhvamm á sama stað og í auglýstri tillögu. **Auglýst deiliskipulagstillaga felur því ekki í sér breytingu á gildandi skipulagi umræddra gatnamóta.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd bendir á að staðsetning núverandi íbúðarhúss Brekkuhvamm 12a og 12b, sem skv. deiliskipulagi fær staðfangið Ásuhvammur 2-4, gerir það ekki kleift að færa gatnamót Ásuhvamms og Brekkuhvamms lengra til vestur frá Vesturlandsvegi sem nokkru nemur.

Ásuhvammur er húsagata sem ekki mun skapa mikla umferð sem líkleg er til að draga úr umferðaröryggi á Vestfjarðavegi við vegamót Brekkuhvamms. Í deiliskipulagi Hvamma er gert ráð fyrir að Ásuhvammur verði ekki botnlangagata út úr Brekkuhvammi, heldur muni Ásuhvammur tengjast til suðurs við fyrirhugaða tengibraut sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi og mun tengja Hvammahverfið og síðari áfanga þess við Vesturlandsveg. Þar af leiðandi mun ekki öll umferð um Ásuhvamm fara út á Brekkuhvamm í framtíðinni.

Ekki er heldur ákjósanleg leið að tengja Ásuhvamm við Bakkahvamm eða aðrar götur hverfisins, nema fórna dýrmætu byggingarlandi innan hverfisins og fækka þar skipulögðum íbúðarlóðum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd er ljóst að Vegagerðin tekur ekki þátt í kostnaði við fyrirhugaða hljóðmön. Gatnamót Ásuhvamms og Brekkuhvamms eru við jaðar veghelgunarsvæðis Vesturlandsvegur.

Umhverfis- og skipulagsnefnd telur því ekki hægt að fallast á að loka fyrir tengingu Ásahvamms við Brekkuhvamm og leggur til við sveitarstjórn að samþykkja deiliskipulag Hvamma með óbreyttu gatnafyrirkomulagi frá því sem auglýst tillaga gerir ráð fyrir.

- 2. Minjastofnun Íslands** - Magnús Aðalsteinn Sigurðsson. Umsögn dags. 26.11. 2024
Í umsögn eru settar fram ábendingar um verklag á framkvæmdatíma til að tryggja vernd skráðra minja á skipulagsvæðinu sem merktar eru inn á deiliskipulagsuppdrátt. Merkja skal minjarnar á meðan á framkvæmdum stendur til að fyrirbyggja rask á þeim. Útfærsla veitulagnaleiða þarf að tala tillit til minja og vinna þær í samráði við Minjastofnun. Ef óhjákvæmilegt er að raska minjum skal fyrst leita leyfis Minjastofnunar Íslands fyrir því. Minjavörður gerir ekki aðrar athugasemdir.

Viðbrögð: Umsögn minjavarðar kallar ekki á breytingu á auglýstri tillögu.

- 3. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands** - Ása Hólmarsdóttir

Í umsögn eru eftirfarandi ábendingar:

„Hús nr. 1 við götuna er í talsverðri nálægð við Vestfjarðarveg og gæta þarf þess að hönnun hljóðmanar takist vel til svo íbúar verði ekki fyrir ónæði af umferð um Vestfjarðarveg. Fram kemur í gögnum að fráveita verði í tvöföldu kerfi þar sem skólþ og ofanvatn verði aðskilið.“

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gerir ekki athugasemdir við tilöguna.“

Viðbrögð:

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur undir með heilbrigðiseftirlitinu að mikilvægt er að tryggja góða hljóðvist í byggð innan Búðardals nærri Vesturlandsvegi sbr. einnig kröfur reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Það er best gert með viðeigandi hámarkshraða á Vestfjarðavegi gegnum þéttbýli Búðardals en á þessum stað er einnig gert ráð fyrir hljóðmön í deiliskipulaginu sem ætti að fyrirbyggja ónæði vegna umferðar.

Umsögnin kallar ekki á breytingu á auglýstri tillögu.

- 4. Athugasemd frá Garðari Frey Vilhjálmssyni (tölvupóstur dags. 9.12.2024)**

„Góðan daginn - Ég vil benda á að bílskúr sem stendur við Lækjarhvamm 9 í Búðardal er ekki sýndur á uppdraeti í auglýstu deiluskipulagi Hvamma. Gott væri að uppfæra það.“

Viðbrögð:

Umhverfis- og skipulagsnefnd fellst á að bílskúrin verði teiknaður inn á deiliskipulagsuppdrátt.

5. Athugasemd frá Kristjáni Inga Arnarsýni (tölvupóstur 16.12.2024)

„Þarna vantar viðbygginguna mína að Lækjarhvammi 8 sem hefur fengið byggingarheimild og komnar undirstöður. Vildi koma því á framfæri.“

Viðbrögð:

Umhverfis- og skipulagsnefnd fellst á að bílskúrin verði teiknaður inn á deiliskipulagsuppdrátt.